

Skýrsla

utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.

Skýrsla þessi um utanríkis- og alþjóðamál sem árlega er lögð fyrir Alþingi er nú í breyttu formi, annars vegar samantekt og það sem hæst ber í hefðbundnu þingskjalsformi, hins vegar yfirgripsmikil skýrsla sem miðast við almanaksárið. Með þessari breytingu verður unnt að leggja skýrsluna fram fyrr á árinu, gera vinnslu hennar auðveldari og lesturinn aðgengilegri, en einnig að auka til lengri tíma samræmi í þessari mikilvægu upplýsingagjöf.

Heimsfaraldur kórónuveirunnar setti svip á árið 2021 og það er kannski ekki fyrr en nú á síðustu vikum sem Ísland, og flest grannríki okkar, hafa tekið síðustu skrefin út úr ástandi sem einkenndist af sóttvarnaaðgerðum og ótta við faraldurinn. Þá tók við nýr veruleiki í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu.

Ekki verður framhjá því litið að horfur í alþjóðamálum eru verri nú en verið hefur um langa hríð. Fyrir utan stríðsrekstur Rússa í Evrópu má nefna að áhrifa heimsfaraldurs gætir enn mjög. Truflanir á efnahagsstarfsemi í tengslum við faraldurinn hafa stuðlað að aukinni neyð, einkum í fátækari löndum. Eftir að heimsfaraldurinn skall á fjölgaði sárafatækum í fyrsta skipti í tvo áratugi. Nemur fjölgunin ríflega 100 milljónum. Þá hefur víða orðið mikil röskun á skólagöngu barna, bólusetningar vegna alvarlegra smitsjúkdóma hafa komist í uppnám og bakslag orðið á sviði jafnréttis- og mannréttindamála.

Vegna náttúruhamfara og vopnaðra átaka hafa aldrei fleiri þurft á neyðaraðstoð að halda og mannúðarástand fer versnandi á ýmsum stöðum sem ekki rata daglega í fréttir hér á landi. Í byrjun þessa árs áætluðu Sameinuðu þjóðirnar að um 274 milljónir manna þyrftu á mannúðaraðstoð og vernd að halda á árinu 2022, eða 39 milljónum fleiri en 2021. Reikna má með að þessar tölur muni hækka eftir því sem líður á árið. Ríflega 1% mannkyns er á flóttu eða vergangi – um 84 milljónir manna – og þeim fækkar stöðugt sem eiga kost á að snúa aftur til síns heima. Um 85% flóttamanna eru í þróunarríkjum. Um 811 milljónir manna búa við vannæringu og hungursneyð vofir yfir 44 milljónum í 38 löndum. Þar af er fólk í Suður-Súdan, Jemen, norðurhluta Eþíópíu, Afganistan og Nígeríu í sérstakri hættu. Ástandið í Afganistan eftir valdatöku talibana er átakanlegt. Þar hefur verið þrengt að mannréttindum, einkum réttindum kvenna, en efnahagurinn hefur líka hrunið, með þeim afleiðingum að um helmingur fjörtíu milljóna manna þjóðar er talinn búa við hungur. Á Mið-Sahel svæðinu í Afríku er mikil og vaxandi neyð, þar sem saman koma pólitísk og trúarleg átök, afleiðingar loftslagsbreytinga og glæpastarfsemi þar sem bágindi fólks eru hagnýtt til hagnaðar.

Þá er rétt að hafa áhyggjur af þróun mannréttindamála. Stjórnvöld í ýmsum ríkjum hafa skákað í skjóli þess að lýðræðislegt aðhald er þar lítið til þess að takmarka í nafni sóttvarna margvísleg einstaklingsbundin mannréttindi. Hið sama átti sér stað, í mismiklum mæli, um heim allan, þar á meðal í löndum þar sem virðing fyrir borgaralegum réttindum á djúpar rætur í samfélagi og þjóðarsál. Þessi þróun er áhyggjuefni og einnig hversu takmörkuð umræða hefur átt sér stað um skerðingu þessara réttinda.

Ýmis veigamikil verkefni falla utanríkisþjónustu Íslands í skaut á næstunni. Þar má meðal annars nefna formennsku í Evrópuráðinu og setu í framkvæmdastjórn UNESCO. Þótt íslensk utanríkisþjónusta sé smá í sniðum í samanburði við stærri ríki munum við rækja okkar hlutverk af alúð og metnaði eins og sæmir þjóð sem vill vera fullgildur þátttakandi á alþjóðavettvangi – vera fullvalda þjóð meðal fullvalda þjóða. Verkefni utanríkisþjónustunnar verða að líkindum stærri og vandasamari á næstu árum. Í því sambandi skiptir ekki síst máli að efla samstarf við þau ríki sem standa okkur næst hvað varðar hagsmuni og hugsjónir.

Viðsjárverðir tímar í öryggismálum.

Alþjóðlegt umhverfi öryggis- og varnarmála þróaðist til hins verra árið 2021. Árið einkenndist af aukinni spennu og óstöðugleika, þar sem alþjóðakerfið, lýðræðissamfélög og sameiginleg gildi átta í vaxandi mæli undir högg að sækja. Þetta gildir einnig um það regluverk sem öryggi Evrópu hefur grundvallast á undanfarna áratugi. Hernaðaruppbygging Rússlands í og við Úkraínu bar þar hæst og aukinn óútreiknanleiki ráðamanna í Kremli á alþjóðasviðinu.

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin eru hornsteinar íslenskrar öryggisstefnu. Þá hefur Ísland lagt áherslu á að þetta samráð og samstarf við hin norrænu ríkin og ýmis önnur líkt þenkjandi ríki sem deila sameiginlegum hagsmunum á norðurslóðum. Ísland mun áfram leggja áherslu á framlag sitt til varnarsamstarfs, meðal annars með því að tryggja viðbúnað og gistiríkjustuðning við liðssveitir Bandaríkjanna og annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins sem hafa viðkomu á öryggissvæðunum en líka með aukinni þátttöku í samstöðuverkefnum bandalagsins, til dæmis með því að senda íslenska sérfræðinga til starfa á vettvangi.

Ísland hefur skipað sér í hóp líkt þenkjandi ríkja, Atlantshafsbandalagsríkja, norræna vinþjóða og annarra sem deila með okkur gildum og sýn á þær öryggisáskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Aukinn þungi var í samstarfi um öryggis- og varnarmál vegna þessara áskorana, á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og í svæðisbundnu samstarfi á borð við norræna varnarsamstarfið, Norðurhópin og Sameiginlegu viðbragðssveitina (JEF) sem Bretland leiðir og Ísland gerðist aðili að í apríl. Í september var undirrituð sameiginleg yfirlýsing Íslands og Svíþjóðar um samstarf í varnarmálum. Undirbúningur er hafinn að aðild Íslands að öndvegissetri Atlantshafsbandalagsins um netöryggismál í Tallinn, og í desember fékk Ísland aðild að evrópska öndvegissetrinu um fjölþáttaógnir í Helsinki.

Versnandi staða öryggismála hefur haft í för með sér aukin verkefni bandalagsríkja á Norður-Atlantshafi og á norðurslóðum, og aukið umfang starfseminnar á öryggissvæðinu í Keflavík.

Á nýju ári blasir nýr veruleiki við í öryggisumhverfi Evrópu þar sem Rússland með framferði sínu brýtur gegn grundvallarreglum alþjóðalaga og grefur undan því fyrirkomulagi sem öryggi Evrópuríkja hefur byggt á síðustu áratugi. Samstaða Atlantshafsbandalagsríkja og annarra líkt þenkjandi ríkja hefur sjaldan verið mikilvægari en nú. Ísland mun halda áfram að leggja sitt af mörkum til að standa vörð um lýðræðisleg gildi og virðingu fyrir alþjóðalögum, landamærum og lögsögu ríkja óháð stærð eða hernaðarmætti.

Alþjóðasamvinna með mannréttindi að leiðarljósi.

Eins og sést hefur glöggst að undanfögnu skipar Íslands sér dyggilega í hóp með lýðræðisríkjum sem fylkja sér um alþjóðakerfi, byggt á almennum reglum sem breið sátt hefur ríkt um frá stríðslokum. Virðing fyrir mannréttindum, lýðræði, jafnrétti og frelsi eru þeir þræðir sem eru samofnir öllu starfi Íslands á alþjóðavettvangi. Hvort sem er á vettvangi Sameinuðu

þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) eða Evrópuráðsins tala íslensk stjórnvöld skýrt fyrir þessum gildum.

Rödd Íslands er sterk á alþjóðavettvangi. Hún heyrðist hátt og skýrt þegar við settumst í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna. Málflutningur okkar kallaði fram viðbrögð sem tekið var eftir og mannréttindabréttar kveinkuðu sér undan honum. Því höfum við ákveðið að bjóða fram krafta í mannréttindaráðinu á ný, á tímabilinu 2025-2027. Áfram ætlum við að beita okkur fyrir réttindum hinsegin fólks, kynjajafnrétti og réttindum barna, svo nokkuð sé nefnt.

Íslensk stjórnvöld veita alþjóðlegu aðgerðabandalagi um kynbundið ofbeldi forystu í verkefninu Kynslóð jafnréttis (e. Generation Equality Forum). Á árinu var unnið að megináherslum bandalagsins og mótun skuldbindinga til aðgerða og verkefna. Forsætisráðherra kynnti skuldbindingarnar í júlí og lúta þær bæði að aðgerðum sem miða að því að uppræta kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni hér á landi og verkefnum sem unnin verða fyrir tilstilli alþjóðasamstarfs og í þróunarsamvinnu.

Í haust tökum við að okkur formennsku í Evrópuráðinu. Þar mun vinnan í mannréttindaráðinu skila sér því sú mikla ábyrgð að veita ráðinu formennsku á þessum tímum krefst þess að til staðar sé djúpur skilningur á mannréttindamálum og pólitísku ástandi í Evrópu. Ísland mun á þessum vettvangi leggja áherslu á lýðræði, mannréttindi, kynjajafnrétti og umhverfismál. Verkefninu lýkur með ráðherrafundi í Reykjavík vorið 2023 sem utanríkisráðherrum allra aðildarríkjanna er boðið að sækja.

Aukin áhersla á alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Þróunarsamvinna er ein af meginstöðum íslenskrar utanríkisstefnu og liggur henni til grundvallar stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljós með yfirmarkmiðið að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar.

Framlög til þróunarsamvinnu hækkuðu á árinu, eins og þau hafa gert síðastliðin ár. Stuðningur er við tvíhliða samstarfslönd, svæðisverkefni og fjölþjóðastofnanir á sviði þróunar- og mannúðarsamstarfs. Þá hefur vægi samstarfs við atvinnulífið og frjáls félagasamtök aukist til muna. Rík áhersla er lögð á skilvirkni, gagnsæi og fagleg vinnubrögð við framkvæmd þróunarsamstarfs í samræmi við alþjóðleg viðmið um faglega starfshætti.

Í samræmi við markaða stefnu Íslands eru Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og Alþjóðabankinn áherslustofnanir í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu. Talsvert samstarf er við þessar stofnanir í samstarfslöndum okkar í Afríku.

Viðbrögð og viðspyrna við COVID-19 heimsfaraldrinum voru áberandi í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu á árinu. Íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi faraldursins talað fyrir mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu um þróun og framleiðslu bóluefnis og jafns aðgangs ríkja óháð greiðslugetu þeirra. Þannig lagði Ísland á árinu öðru sinni fram 500 m.kr. til COVAX-samstarfsins sem snýr að kaupum og dreifingu COVID-19 bóluefnaskammta fyrir þróunarlönd. Til viðbótar var 250 m.kr. veitt til mannúðarákalls UNICEF vegna COVID-19 bóluefnasamstarfs. Þá hafa heilbrigðisráðuneytið og utanríkisráðuneytið unnið saman að því að gefa umframskammta af COVID-19 bóluefnum til efnaminni ríkja í gegnum COVAX.

Á árinu lauk tímabili þar sem fulltrúi Íslands skipaði stöðu aðalfulltrúa kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í Alþjóðabankanum. Bankinn er öflugasta þróunarstofnun heimsins. Til að bregðast við brýnni fjárþörf sökum faraldursins var endurfjármögnun

Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) flýtt og áheiti um umfangsmestu framlög í sögu stofnunarinnar lágu fyrir í desember. Hluttur Íslands nemur um 1,8 milljarði króna á þremur árum frá 2023.

Samstarfið við Malaví og Úganda, þar sem íslenskar sendiskrifstofur starfa, hefur verið þungamiðjan í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands um árabíl. Í báðum löndum vegur gifturíkt samstarf við héraðsstjórnir þyngst. Óháðir ráðgjafar gera reglulegar úttektir á öllum verkefnum, stórum og smáum, og er niðurstaðan jafnan í heildina góð. Fyrir tilstuðlan íslenskra stjórnvalda hafa um 50 þúsund börn notið góðs af bættu námsumhverfi og tugþúsundir kvenna hafa notið bættrar fæðingarþjónustu.

Stefnt er að opnun sendiskrifstofu í Síerra Leóne á vesturströnd Afríku í haust. Þar höfum við áður sinnt þróunarverkefnum í fiskiþorpum við Atlantshafsströndina. Þau snúa að umbótum í fiskvinnslu, vatnsveitu og hreinlæti, heilsugæslu og fleiri framfaramálum sem leggja góðan grunn að framhaldinu. Eitt af okkar helstu verkefnum mun snúa að því að uppræta fæðingarfistil í landinu með forvörnum, heilbrigðisþjónustu og félagslegum stuðningi. Fæðingarfistill háir sérstaklega ungum mæðrum sem hljóta mikinn skaða við fæðingu og er í kjölfarið útskúfað úr samfélaginu. Það er ánægjulegt að Íslendingar geti með þessum hætti haft raunveruleg og jákvæð áhrif á líf kvenna sem búa við ömurlegar aðstæður í einu fátækasta ríki í heimi.

Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins var settur á fót fyrir fjórum árum. Hann hvetur til samstarfs atvinnulífsins við fyrirtæki í þróunarlöndum með það að markmiði að skapa þar atvinnu og auka hagsæld. Heimsfaraldurinn hægði á starfsemi en engu að síður hefur tæplega helmingur 40 umsókna fengið samþykki matshóps sérfræðinga.

Utanríkisráðuneytið hefur um árabíl átt gott og gjöfult samstarf við íslensk félagasamtök í þróunar- og mannúðarstarfi. Á síðari árum hefur orðið til umgjörð sem festir það í sessi og tryggir að faglega sé staðið að verkefnum sem hljóta styrki, hvort sem er í þróunar- eða mannúðaraðstoð. Samtals runnu meira en 500 milljónir króna í samstarf við félagasamtök, sem skiptist nokkuð jafn milli mannúðarverkefna og þróunaraðstoðar. Mörg þessara samtaka leika nú lykilhlutverk í að svara þeirri neyð sem hefur skapast í og við Úkraínu.

Þétt samstarf við Norðurlönd.

Norrænt samstarf er einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu og sem ríkjahópur eiga Norðurlöndin sterka rödd á alþjóðlegum vettvangi. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar stendur að „öflugt norrænt samstarf [verði] áfram grundvallarþáttur í alþjóðlegu samstarfi Íslands.“ Hinn svokallaði N5 hópur er vettvangur þar sem fulltrúar Norðurlandanna hittast reglulega og ríkir þar að jafnaði mikið traust. Óhætt er að segja að samstarf Íslands við Norðurlandabjóðimar sé ómetanlegt fyrir Ísland, ekki síst þegar á reynir. Þetta kemur ítrekað fram í borgaraþjónustuverkefnum á álags- og hættutímum, en borgaraþjónustan gegndi lykilhlutverki við brottflutning fólks frá Afganistan og í margvíslegum verkefnum í tengslum við heimsfaraldurinn.

Aukna áherslu á vestnorrænt samstarf má glöggt sjá í tveimur ítarlegum skýrslum sem komu út á árinu 2021. Annars vegar er það *Samskipti Íslands og Færeyja – Tillögur til framtíðar* sem inniheldur tillögur að auknu samstarfi við Færeyjar. Fjölmörg sóknarfæri eru til að efla enn frekar tvíhliða tengsl og samstarf, ekki síst á vettvangi efnahags-, menningar- og stjórnmála. Hins vegar kom út skýrslan *Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum norðurslóðum* sem inniheldur fjölmargar tillögur að auknu samstarfi við Grænland.

Norðurslóðir.

Alþingi samþykkti þingsályktun um endurnýjaða stefnu Íslands í málefnum norðurslóða 19. maí 2021 og daginn eftir lauk tveggja ára formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu með ráðherrafundi í Hörpu. Báðir atburðir mörkuðu tímamót fyrir starf Íslands að málefnum norðurslóða. Þrátt fyrir takmarkanir og erfiðleika sem fylgdu því að reka formennsku í alþjóðastarfi á tímum heimsfaraldurs, tókst Íslandi bæði að ná sátt um sterka ráðherrarfirlýsingu Norðurskautsráðsins og fyrstu framtíðarstefnu ráðsins til tíu ára. Bæði yfirlýsingin og framtíðarstefnan leggja áherslu á loftslagsvána.

Í þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða er utanríkisráðherra falið að móta áætlun um framkvæmd stefnunnar. Undirbúningur þeirrar vinnu hófst formlega með fundi fulltrúa hlutaðeigandi ráðuneyta í utanríkisráðuneytinu, 10. febrúar síðastliðinn.

Í stefnunni er m.a. fjallað um að nýta möguleg efnahagstækifæri með sjálfbærum hætti og að efla viðskipti og annað samstarf á norðurslóðum, einkum við Grænland og Færeyjar. Á árinu 2021 komu út tvær skýrslur, áður nefnd skýrsla Grænlandsnefndar, *Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum norðurslóðum*, þar sem gerðar eru 99 tillögur að aukinni samvinnu við þessa næstu nágranna okkar; og *Norðurljós; Skýrsla starfshóps um efnahagstækifæri á norðurslóðum*, sem tekur til norðurskautssvæðisins alls.

Loftslags auðlinda og umhverfismál.

Loftslags-, auðlinda- og umhverfismál eru grundvallarhagsmunamál fyrir heiminn allan. Brynt er að Ísland taki virkan þátt á alþjóðavettvangi til að finna nýjar leiðir til þess að leggja sitt af mörkum.

Áhersla er nú sem fyrr lögð á hreina, sjálfbæra orku, ekki síst fjölþætta nýtingu jarðhita, hreina orkubera eins og grænt vetni og vetnisafurðir auk föngunar, förgunar og nýtingu koltvíoxíðs. Á árinu var aukin vinna lögð í samráð og upplýsingagjöf til sendiskrifstofa svo þær væru betur í stakk búar til að finna tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf næstu árin á sviði grænnar nýsköpunar og tækni.

Sjálfbær þróun með áherslu á loftslags-, auðlinda- og umhverfismál voru meginstef í formennskuáætlunum Íslands í Norðurlandasamstarfi og Norðurskautsráðinu. Á vettvangi alþjóðastofnana og í þróunarsamvinnu eru loftslagsmálin og sjálfbær nýting náttúruauðlinda veigamikill þáttur. Mótvægis- og aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga munu fá enn frekara vægi í samstarfsríkjum Íslands í þróunarsamvinnu. Sem dæmi má nefna hefur um hálf milljón mannaþegar fengið greiðan aðgang að hreinu vatni undanfarin tíu ár fyrir tilstuðlan íslenskra stjórnvalda.

Í mars 2021 tók Ísland að sér hlutverk heimserindreka orkumála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og talar fyrir jöfnu aðgengi að endurnýjanlegri orku sem leið til að ná öllum heimsmarkmiðunum og orkuskiptum með jafnræði og réttlæti að leiðarljósi. Ísland hafði frumkvæði að því á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) að mikilvægi fæðu úr vötnum og höfum yrði viðurkennt á leiðtogafundi um fæðukerfi sem haldin var í Sameinuðu þjóðunum í New York. Í þessari vinnu hefur Ísland tekið að sér að leiða hóp þrjátíu ríkja og alþjóðasamtaka við að koma á fót formlegu bandalagi um fæðu úr vötnum og höfum.

Á árinu fengu málefni hafsins aukið vægi og samráð og samvinna milli ráðuneyta sem koma að málaflokknum jókst verulega. Sérstök áhersla var lögð á greiningu á stöðu hafmála, enda endurspeglar málefni hafsins gríðarlega mikilvæga og fjölþætta hagsmuni Íslands. Þess sjást

glögg merki hjá alþjóðastofnunum og félagasamtökum sem láta sig umhverfismál varða, sem beina nú vinnu sinni og áhrifum í auknum mæli að málefnum hafsins.

Á vettvangi umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna leggur Ísland áherslu á baráttuna gegn plastmengun, ekki síst í hafi á norðurslóðum. Á næstu árum stefnir í alþjóðaviðræður um bindandi alþjóðasamning um plast og plastmengun, en líklegt er að þær hefjist strax á haustmánuðum 2022.

Í umhverfismálum verða margar áskoranir á næstu árum og mikilvægt að tryggja hagsmuni og gott orðspor Íslands til framtíðar í þeim málum.

Lífskjör Íslendinga byggjast á frjálsum vöru- og þjónustuviðskiptum.

Ísland er lítið og opið hagkerfi. Það er í eðli slíkra hagkerfa að treysta mjög á alþjóðleg viðskipti. Það hefur enda verið eitt helsta viðfangsefni okkar í utanríkismálum undanfarna áratugi að tryggja aðgengi okkar að alþjóðlegum mörkuðum á sem bestum kjörum. Heimurinn allur er eitt markaðssvæði og því skiptir höfuðmáli að tryggja að íslensk framleiðsla og íslenskt hugvit hafi hindranalaus aðgang að sem stærstum markaði. Viðskiptastefna Ísland hefur því það markmið að þjóna efnahagslegum hagsmunum samfélagsins og tryggja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum.

Frjáls alþjóðleg viðskipti og traust viðskiptakerfi eru undirstaða hagsældar á Íslandi. Við setjum traust okkar á öflugar og skilvirkar alþjóðastofnanir, fríverslunar- og aðra viðskiptasamninga og umfram allt skýrar leikreglur. Í þeim efnum er rétt að ítreka að mikilvægasti viðskiptasamningur Íslands er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Með honum er tryggður aðgangur að 450 milljón manna markaði þar sem hindranir eru litlar. Þessi aðild hefur einnig þýðingu út fyrir EES svæðið, því aðild að því tulkast í alþjóðlegum viðskiptum sem eins konar heilbrigðisvottorð á íslenskt viðskiptaumhverfi.

Heimsfaraldur kórónaveirunnar hafði í för með sér margvíslegar áskoranir fyrir hið alþjóðlega viðskiptaumhverfi. Í auknum mæli bar á því að ríki hneigðust til verndarhyggju og einhliða hagsmunagæslu. Slík þróun væri afar slæm fyrir íslenska hagsmuni.

Mikilvægt er að Ísland haldi áfram að þróa fríverslunarstefnu sem þjónar efnahagslegum hagsmunum samfélagsins í víðu samhengi. Niðurfelling tolla fyrir helstu útflutningsvörur verður enn forgangskrafa en einnig verður í auknum mæli horft til útflutnings á öðrum lykilsviðum íslensks efnahagskerfis, svo sem í þjónustu, fjárfestingum, hátækni og þekkingu, þar á meðal í grænum lausnum.

Af þeim viðskiptasamningum sem bar hæst á árinu 2021 ber fyrst að nefna fríverslunarsamning Íslands við Bretland sem tryggir sömu kjör og áður eftir útgöngu Breta úr ESB. Um er að ræða einn mikilvægasta útflutningsmarkað Íslands en útflutningur til Bretlands nemur að jafnaði um 10% af heildarvöruútflutningi og um 11% af heildar þjónustuútflutningi Íslands. Vinna þarf áfram að því að efla samskiptin við Bretland. Í því felst einnig að tryggja góða framkvæmd fríverslunarsamningsins.

Hins vegar má nefna fríverslunarsamning EFTA ríkjanna við Indónesíu sem opnaði aðgang íslenskra fyrirtækja að markaði með 260 milljón íbúum. Um er að ræða 29. fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og gott dæmi um það öfluga viðskiptanet sem Ísland hefur byggt upp með öðrum EFTA-ríkjum á undanförunum áratugum. Þá er rétt að minnast á Bandaríkin, sem eru stærsta einstaka viðskiptaland Íslands. Mikilsvert er að hlúa að og rækta viðskiptasamband við Bandaríkin og stefna að því að auka frelsi í viðskiptum milli landanna.

Fylgiskjal.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál 2021.

www.althingi.is/altext/pdf/152/fylgiskjol/s0634-f_I.pdf